

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, Árbæjarhverfi.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 29. júlí 2014 breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, sem samþykkt var í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann 27. febrúar 2014. Niðurstaða sveitarstjórnar var auglýst 2. apríl 2014.

Breytingin felst í stækkun íbúðarsvæðis Í2 í Árbæjarhverfi úr 3,5 ha í 5,5 ha. Landbúnaðarsvæði minnkar sem þessu nemur. Jafnframt breytist nýtingarhlutfall úr 0,10-0,20 í 0,05-0,20.

Málsmeðferð var samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsstofnun, 29. júlí 2014.*

F.h. forstjóra,

**Hafdís Hafliðadóttir.**

*Guðrún Halla Gunnarsdóttir.*